

Ársskýrsla 2021

Félagið Femínísk fjármál



Femínísk fjármál

Kt. 470519-4010

18. október 2022



Skýrsla stjórnar um starfsárið 2021

Félagið Femínísk fjármál var stofnað árið 2018. Tilgangur félagsins er að efla þekkingu á kynjuðum fjármálum og veita stjórnvöldum aðhald. Félagið varð aðili að Kvenréttindafélagi Íslands árið 2019. Félagið hefur vaxið jöfnum skrefum frá stofnun þess og var mikill stígandi í starfsemi félagsins á árinu.

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn með rafrænum hætti mánudaginn 17. maí klukkan 20:00. Kosnar voru í aðalstjórn félagsins þær Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Sigríður Finnbogadóttir og Steinunn Bragadóttir. Í varastjórn hlutu kosningu þær Auður Lilja Erlingsdóttir, Freyja Barkadóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir.

Stjórnin hélt vikulega rafræna vinnufundi frá áramótum og fram undir miðjan júní 2021 auk þess sem stjórn réði ráðum sínum milli funda með rafrænum samskiptum. Félagið hélt einnig „stað“ vinnufundi í nokkur skipti en þeir voru færri vegna samkomutakmarkana vegna heimsfaraldurs Covid-19. Stjórn fundaði sjaldnar að hausti en þó a.m.k. einu sinni í mánuði.

Umsagnir

Á árinu 2021 sendi félagið frá sér fjórar umsagnir til Alþingis.

- **Umsögn um fjármálaáætlun 2022-2026 (12.04.2021)**
 - Í umsögninni bendir félagið enn og aftur á að það verður að gera betur þegar kemur að því að grípa öll þau sem hafa upplifað að faraldurinn kippir undan þeim fótunum og stemma stigu við auknum ójöfnuði.
 - Femínísk fjármál fóru á fund fjárlaganefndar 7. maí og gerðu grein fyrir umsögn sinni.
- **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæða um tilgreinda séreign (28.04.2021)**
 - Félagið bendir þar á að þessu stjórnarfrumvarpi virðist ekki hafa fylgt jafnréttismat og slíkt er miður þar sem að ljóst er að lífeyrismál, sem og samspil þeirra við almannatryggingar, hafa mjög kynjaða hlið.
- **Umsögn um skýrslu starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa og tillögum að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði (04.10.2021)**
 - Í umsögninni bendir félagið á að það sé kominn tími til að stöðva kerfisbundið vanmat á virði kvennastétta á Íslandi og félagið taldi að sú aðferð og þær tillögur að framkvæmd sem lagðar eru til af starfshóp forsætisráðherra í skýrslunni



Verðmætamat kvennastarfa væru vel til þess fallnar og mikilvægt að þær nái fram að ganga.

- Félagið lagði áherslu á að fjármagn fylgi verkefnunum til að hægt sé að fara af stað í þessa vegferð af fullum krafti og stíga þannig langþráð skref í átt til jafnréttis.
- **Umsögn um frumvarp til fjárlaga árið 2022 (09.12.2021)**
 - Í umsögninni bendir félagið á mikilvægi þess að ákvarðanir séu byggðar á kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Félagið leggur enn fremur áherslu á í umsögninni að nú þegar greiningar á áhrifum og önnur nauðsynleg þekking liggur fyrir, að þá taki aðgerðir og ákvarðanir enn betur tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða heldur en áður.
 - Í umsögninni lýsir félagið einnig yfir áhyggjum sínum af áhrifum Covid-19 faraldursins á konur sérstaklega, í formi álags og kulnunar með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á heilsu, fjárhag og lífsgæði kvenna, sem og neikvæðra samfélagslegra áhrifa. Þar má sérstaklega nefna álag og mönnun í heilbrigðiskerfinu en þrátt fyrir aukin fjárframlög til heilbrigðismála í fjárlagafrumvarpinu, hafa þessi vandamál ekki verið leyst.
 - Félagið gerði einnig athugasemd við að viðbótarálag atvinnuleysisbóta sé fellt niður. Fólk í atvinnuleit er nú þegar í mjög viðkvæmri stöðu og tekjuleysið getur orðið að fátæktargildru sem erfitt er að losna undan.

Viðsýrni og aðhald

Á árinu 2020 hlaut félagið styrk úr Jafnréttissjóði fyrir verkefnið *Viðsýrni og aðhald: efnahagsaðgerðir frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum*. Markmið verkefnisins var að greina efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs Covid-19 út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og leggja fram tillögur um hvernig hægt sé að draga úr kynjamisrétti, og jafnframt mismunun og jaðarsetningu vegna húðlits, etnísks uppruna, stéttar, fötlunar og annarra þátta. Einnig að standa fyrir vitundarvakningu um efnahagsmál út frá jafnréttissjónarmiðum byggt á niðurstöðum greiningarinnar.

Niðurstöður verkefnisins voru kynntar í febrúar 2021 og eru aðgengilegar á [heimasíðu](#) félagsins en þar kemur fram að betur hefði mátt gæta að jafnréttissjónarmiðum í efnahagsaðgerðum stjórnvalda, sem voru að mörgu leyti dæmigerð kreppuviðbrögð í mjög óvenjulegri kreppu og ekki veitt því nægilega athygli að kreppan og viðbrögðin við henni snertu fólk misjafnlega, hvort sem er litið til er til kyns eða félags- og efnahagslegri stöðu í samfélaginu. Félagið kallaði því eftir því að aðgerðir stjórnvalda væru sértækari, ekki almennar.

Í upphafi vitundarvakningarinnar (25. febrúar 2021) var umfjöllun í [Fréttablaðinu](#) og á [Morgunvakt Rásar 1](#). Félagið birti upplýsingaefni vitundarvakningarinnar á samfélagsmiðlum frá 25. feb. til 5. mars. Þá birtust þrjár greinar eftir meðlimi félagsins í [Stundinni](#), [Flóru](#) og



[Kjarnanum](#). Forsætisráðherra [brást við greiningunni](#) í viðtali við Fréttablaðið og Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, ritaði pistil um niðurstöðurnar í [Kjarnann](#). Á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti var félaginu boðið að kynna niðurstöður verkefnisins á fundi kvannahreyfingar Samfylkingarinnar. Jafnframt var fjallað um verkefnið í tilefni dagsins í [Speglinum](#). Félagið sendi bréf til þingmanna til að vekja athygli á greiningunni og hvatti þingmenn til að hafa jafnréttissjónarmið í öndvegi í öllum efnahagsaðgerðum vegna faraldursins til að auka líkurnar á að aðgerðir stjórnvalda yrðu markvisst tæki gegn ójöfnuði og gagnist þeim sem helst þurfa á þeim að halda.

Hönnun útlits og vefsíður vitundarvakningarinnar var í höndum [Bjarneyjar Hinriksdóttur](#), graffískum hönnuði. Unnið var í samstarfi við sérfræðinga hjá [Takk](#) um framsetningu og miðlun vitundarvakningar á samfélagsmiðlum. Dreifing efnis í vitundarvakningunni var með ágætum: 2380 heimsóknir á heimasíðuna meðan á vitundarvakningunni stóð, eða að meðaltali 264 heimsóknir á dag. Dreifing efnis á samfélagsmiðlum gekk vel. Sama efni var dreift á öðrum samfélagsmiðlum en kostaðar auglýsingar til að vekja athygli á málefninu voru í dreifingu á Facebook og Google.

KONUR STANDA VAKTINA

Konur eru í framlínunni í velferðar- og heilbrigðis- og menntakerfinu. Á sama tíma eykst álagið heima fyrir þegar þjónustufall verður í skólum og hjá aðilum í velferðarþjónustu.

Metum hefðbundin kvennastörf að verðleikum og stöndum vörð um opinbera þjónustu

ER NÝSKÖPUN AÐEINS Á FÆRI KARLA?

Fjármagn til nýsköpunar skilar sér frekar í verkefni karla.

Nýsköpunarsjóðir þurfa að höfða betur til kvenfrumkvöðla og þarfa þeirra.



Viðburðir

Fundur hjá [kvennahreyfingu Samfylkingarinnar](#) 8. mars 2021

Steinunn Bragadóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir kynntu niðurstöður verkefnisins félagsins um Covid aðgerðir stjórnvalda á fundi kvennahreyfingu Samfylkingarinnar.

Viðburður íslenskra stjórnvalda á fundi kvennanefndar sameinuðu þjóðanna ([CSW65](#)) 25. mars 2021

Steinunn Rögnvaldsdóttir tók þátt í viðburði íslenskra stjórnvalda á fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir hönd Femínískra fjármála. Þar greindi hún frá mikilvægi kynjaðrar fjárlagagerðar og að kynjasjónarmið séu ávallt höfð að leiðarljósi í aðgerðum stjórnvalda. Frábærar og mikilvægar umræður sköpuðust á fundinum, þar sem einnig tóku þátt Marta Birna Baldursdóttir sem leiðir kynjaða fjárlagagerð hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Heiður Margrét Björnsdóttir formaður starfshóps um endurmat á störfum kvenna og Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri. Berglind Magnúsdóttir stýrði umræðum.

[Fræðslufundur um kynjajafnrétti á vinnumarkaði](#) 9. júní 2021

Femínísk fjármál tók þátt í fræðslufundum Kvenréttindafélags Íslands og CESI í Króatíu um reynslu femínísku hreyfingarinnar á Íslandi í baráttunni að ná jafnrétti á vinnumarkaði, vikuna 7. -11. júní. Finnborg S. Steinþórsdóttir, Steinunn Bragadóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir voru með rafrænan fræðslufund um femínískan aktívisma og efnahagsmál, erindið bara titillinn „Iceland's Economic Response to COVID-19: A Feminist Critique“.

[FemX-21](#) 14.- 23. september

Femínísk fjármál, Kvenréttindafélag Íslands og Samtök um kvennaathvarf stóðu fyrir röð kosningafunda um femíníska framtíð í aðdraganda Alþingiskosninganna. Haldnir voru fjórir rafrænir hádegisfundir. 14. september var rætt við frambjóðendur um ofbeldismál, 16. september var rætt um fjölþætta mismunun, útilokun og jaðarsetningu, 21. september var rætt um fjármál og á lokafundinum þann 23. september var rætt um femíníska framtíð.

[Málþing RKÍ og GRÓ GEST](#) 22. október 2021

Félagið var með vinnustofu um aktívisma og kynjuð fjármál á ráðstefnu Rauða Krossins og GRÓ GEST “Protection, Gender and Inclusion”.

[Bókaklúbbur um bókina Ósýnilegar konur](#) 27. október 2021

Í samstarfi við bókaútgáfuna Sölkú stóð félagið fyrir bókaklúbb um bókina Ósýnilegar konur. Á bókakvöldinu var rýnt í tvo kafla í bókinni sem snúa að ríkisfjármálum og ólaunaðri vinnu kvenna.

[Tallinn Feminist Forum \(TALFF\)](#) 3. nóvember 2021



Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Steinunn Bragadóttir voru með erindi fyrir hönd félagsins á Tallinn Feminist Forum. Í erindi sínu fóru þær yfir hvernig við notum kynjuð fjármál í femínískum aktivisma, í því skyni að hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda.

Femínistar rýna í stjórnarsáttmálann 4. desember 2021

Félagið ásamt Kvennaathvarfinu og Kvenréttindafélagi Íslands stóðu fyrir opnum fundi til að rýna stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs. Á fundinum var sérstaklega rýnt í og farið yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í þremur málaflokkum: ofbeldi, vinnumarkað og fjármál, og jafnrétti í víðum skilningi.

Kynjaping 2021

Félagið Femínísk fjármál fyrirhugaði þátttöku á Kynjapingi 13. nóvember 2021, en þinginu var frestað vegna útbreiðslu Covid-19.

Greinar

Greinin *“Mamma þarf líka að vinna: Hverjum gagnast efnahagsaðgerðir stjórnvalda þegar kemur að atvinnumálum”* eftir Finnborgu Salome Steinþórsdóttur og Steinunni Rögnvaldsdóttur birtist í [Stundinni 26. febrúar 2021](#).

Greinin *“Fólk er innviðir”* eftir Steinunni Rögnvaldsdóttur og Sigríði Finnbogadóttur birtist í Flóru 3. mars 2021.

Greinin *“Efnahagsaðgerðir, jafnrétti og besta nýtingin á almannafé”* eftir Steinunni Bragadóttur og Steinunni Rögnvaldsdóttur birtist í [Kjarnanum 4. mars 2021](#).

Greinin *“Af kynjahalla í fjárfestingum til nýsköpunar”* eftir Steinunni Bragadóttur og Finnborgu Salome Steinþórsdóttur birtist í Vísbendingu 18. maí 2021 - 18. tölublað, 39. árgangur, 2021.

Greinin *“Faraldur, fjármál og femínismi”* eftir Steinunni Rögnvaldsdóttur og Sigríði Finnbogadóttur birtist í 19. júní tímariti Kvenréttindafélagsins.

Önnur störf

Félagið hélt úti Vefsíðu ásamt [Facebook](#), [Instagram](#) og [Twitter](#) síðum á árinu 2021 til að kynna verkefni og starfsemi félagsins.

Félagið átti fund með Mörtu Birnu Baldursdóttur, sem leiðir kynjaða fjárlagagerð í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þann 12. mars 2021. Fundurinn er liður í aðgerðum ráðuneytisins og verkefnisstjórnar kynjaðrar fjárlagagerðar til að efla upplýsingagjöf við félagasamtök.